



Alþingi  
Erindi nr. P 127/1581  
komudagur 3.4.2002

## ÍSAFJARÐARBÆR

Nefndarsvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
150 Reykjavík

Ísafirði, 27. mars 2002  
Tilvísun: 2002020054 / 0104  
HH/PP--

### **Efni: Frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak, 135. mál.**

Með tilvísun til bréfs yðar frá 19. febrúar s.l., varðandi umsögn sveitarfélags á frumvarpi til laga um verslun með áfengi og tóbak, 135. mál, smásöluverslun með áfengi, leitaði Ísafjarðarbær umsagnar félagsmálanefndar Ísafjarðarbæjar og Vá Vest hópsins, sem stendur fyrir vímuevörnum á norðanverðum Vestfjörðum. Afstaða ofangreindra aðila til frumvarpsins var í megin atriðum þessi.

Félagsmálanefnd Ísafjarðarbæjar og Vá Vest hópurinn eru alfarið mótfallinn því að lagafrumvarp þetta verði samþykkt og telja að það hafi ekki aðeins í för með sér aukið aðgengi fullorðinna að áfengi, heldur það sem alvarlegra er, að aðgengi unglinga að áfengi aukist. Umsagnaraðilar telja að með þessu móti sé verið að fórna meiri hagsmunum fyrri minni. Áhættan sé of mikil sérstaklega í ljósi þess að ekkert virðist vera reynt, í frumvarpinu, að lánmarka þau neikvæðu áhrif sem augljóslega fylgja þessum breytingum. Ekki er ástæða til að ætla að kaupmönnum takist betur að hafa eftirlit með sölu áfengis frekar en þeim gengur í dag að hafa eftirlit með sölu á tóbaki.

Virðingarfyllst

Halldór Halldórsson  
- bærarstjóri -